

Ljósið úr austri

og

vestrænan.

—o—

I.

Babisminn, eða kenningar þessar sem eiga sér persneska menn að höfundum og hér hefir mátt heyra og sjá sithvað um nú um hríð, er í góðu samræmi við forna frægð persneskra trúar- og heimspekikenninga, en bendir hinsvegar til alda-skifta þeirra, sem nú dregur svo mjög til. En þó er um litla fram-för að ræða frá hinni fornu speki og næsta fróðlegt að virða fyrir sér, hversu gersam-lega ónóg austrænan er til að valda hinum nauðsynilegu alda-skiftum, og það jafnvel þó að hún sé persnesk, og hversu þar þarf vestrænan að koma til. Það er vestræna, að færa þannig út náttúrufræðina, að hún nái til lífsins á stjörnunum og lífsins eftir dauðann; en það er að nokkru leyti hið sama, því að allar kenningar um líf eftir dauðann, sem ekki sé líf á jarð-stjörnum, eru í eiginlegustu merkingu orðsins, staðleysur, og tíminn hefir sýnt að þær hafa ekki getað tekið neinum verulegum framförum. Á jarð-stjörnum grær lifið af lítilli byrjun og stefnir að mjög ákveðnu takmarki. En það er

samstilling lífsins í alheimi til fullkominnar stjórnar á öllum öflum og möguleikum tilver-unnar. En meðan samstilling næst ekki, ræður helstefnan, og verður því ferlegri, sem lengra er vaxið fram án þess að ná réttu horfi. Og þar kemur, að glötun er yfirvofandi ef ekki er breytt um stefnu. Og einmitt bannig er nú komið fyrir mann-kyni jarðar vorrar. Og að þessu lúta margar spár og spekirit sem fram hafa komið á vorum dögum og foreldra vorra, en þó einkum á þessum síðustu árum. Og kemur með hverju ári í ljós, betur og betur, að hinna geig-vænlegustu tiðinda er að vænta, ef ekki geta orðið aldaskifti. En það er nú einmitt upphaf alda-skiftanna, að uppgötva lifið á stjörnunum, og gera sér full-komlega ljóst, hvernig verur trúar og dulrænu, eru í raun réttri ibúar stjarnanna, og er þar þó að vísu ófullkomlega að orði komist, þar sem trú og dul-ræna hafa aldrei gert sér réttar hugmyndir um þessar veru. En að í þessum efnum verði komist í náttúrufræðishorfið, mun hafa þær afleiðingar, að þá fer að nást sú samstilling og það samband, sem nauðsynlegt er til sannra framfara lífsins. Eða með öðrum orðum, til þess að horfið verði frá helstefnunni.

II.

Því verður ekki með rökum neitað, að kenning þessi sem hér hefir verið með örfáum orðum lýst, ber á sér hin ótví-rædu merki sannleikans, og gegnir furðu mikilli, hversu erfiðlega veitir að fá þeginn jafn sjálfsagðan og ómissandi undirstöðufróðleik eins og þann, að lífið eftir dauðann, er likamlegt og jarðneskt. En hversu skemtilegt væri til þess að vita, að þjóð vor, þó að lítil sé, hefði forgöngu um að koma fram þessum aldaskiftafróðleik, og auk þess mundi það verða þjóðinni til hinna mestu heilla, og verða þá með öllu lokið, hinni illræmdu Íslands óhammingju. En að vísu hefi eg, enn sem komið er, síður orðið var við fylgi í þessum efnum, heldur en það sem á hinn veginn er.

Og þó ætti mönnum að geta verið það svo mikil hjálp til rétrár stefnu, að sjá hversu nákvæmlega rás viðburðanna hefir verið á þann veg, sem sagt hafði verið i ritgerðum mínum að verða mundi, ef þeim sanninduim sem eru upphaf alda-skiftanna væri enginn gaumur gefinn. Menn hugleiði hvernig mundi verða að búa hér á Ís-

landi, ef i vöxt færð atburðir eins og jarðskjálftarnir og illviðrin sem svo mikinn skaða gerðu sér árið sem leið. Í mörg ár hefi eg á vorin aðgætt hvað vetrarbrimin hafi hér áunnið við Reykjavík, og hefi eg þar aldrei séð líkt því eins mikil verksummerki og á síðastliðnu vori. Kom mér i hug eins og oftar, hvað verða mundi um Reykjavík ef slíkt ágerðist, og einnig lifnuðu við gamlar jarðskjálftasprungur líkt og varð nú síðast við Eyjafjörð, og jarðskjálftarnir 1929 gáfu nokkura bending um, að einnig gæti orðið hér. Og það er einmitt i þá átt sem rás viðburðanna mun verða, ef helstefnán heldur áfram að ráða. En hversu Ísland hinsvegar mun verða í sannleika farsælda frón, ef aldaskiftin takast og vér náum því sambandi við fullkomnari lifstöðvar alheimsins, sem ekki verður án verið, ef vel á að fara. Og upphafið virðist þar svo auðvelt, þar sem nálega má svo að orði kveða, að ekki sé um annað að ræða en það, að þjóðin meti meir augljósan sannleik en augljósa villu.

27. júlí.

28. 35.

Helgi Pjeturss.